

**276. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 11. september 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri, Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2112057 - Höfði - framkvæmdanefndarfundir, verkfundir endurnýjun 1. áfanga**

Heimsókn á dvalarheimilið Höfað, farið yfir framkvæmdir, vegna endurnýjunar á 1. áfanga.

*Björn Kjartansson formaður framkvæmdanefnda hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða og Anna Einarsdóttir byggingarstjóri og eftirlitsaðili með framkvæmdum, fóru yfir stöðu framkvæmda vegna endurnýjunar 1 áfanga. Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu.*

**2. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Vinnufundur vegna forgangsroðunar verkefna.

*Ráðið og starfsfólk sviðsins fóru yfir drög að helstu stefnumarkandi verkefnum skipulags- og umhverfisráðs þar sem þau voru tímasett og skilgreind betur. Ráðið tekur undir bókanir annarra fagráða um sameiginlegan vinnufund um stefnuna.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**